

1965, 6% ársvexti af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvexti af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 80.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Guðmundi Björnssyni vélaverkfræðingi og Sigurði Halldórssyni rafmagnsverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Rafmagnsveitur ríkisins, greiði stefnanda, Hákonu Sigurðssyni, kr. 579.700.00 með 7% ársvöxtum af kr. 570.000.00 frá 22. september 1962 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 80.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1968.

Nr. 149/1968. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Jónmundi Jónssyni

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Bifreiðar. Banaslys.

Dómur Hæstaréttar.

Ekki er upplýst í rannsókn máls þessa, að framrúða bifreiðarinnar G 3052 hafi verið óhrein og ákærði hafi þess vegna eigi haft næga útsýn úr bifreiðinni, er slys það varð,

sem mál þetta er af risið, en ákærði, sem einn hefur borið um þetta atriði, kveður rúðupurkur hafa verið í gangi og hann hafi haft allgóða útsýn úr bifreiðinni. Vegna þessa ákæruatriðis verður honum því eigi dæmd refsing samkvæmt 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sem í gildi voru, þegar greint slys varð.

Að öðru leyti er atvikun mál þessa nægilega lýst í héraðsdómi og brot ákærða þar heimfærð til réttra refsíákvæða. Hann viðhafði ekki næga aðgæzlu, er hann ók suður Hofsvallagötu og hugðist beygja vestur Grenimel og árekstur varð milli bifreiðanna G 3052 og G 2878 með þeim afleiðingum, sem í hinum áfrýjaða dómi getur. Var þessi akstur hans meginorsök að slysi því, er þarna varð.

Að þessu athuguðu þykir mega staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jónmundur Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 20. júní 1968.

Ár 1968, fimmtudaginn 20. júní, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður var á skrifstofu embættisins af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 754/1967: Ákæruvaldið gegn Jónmundi Jónssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. janúar 1968, er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dags. 4. janúar 1966, höfðað gegn Jón-

mundi Jónssyni vélaskóflustjóra, Möðruvöllum í Kjós, fyrir að hafa um klukkan 1500 mánudaginn 11. október 1965 eigi gætt nægilegrar varkárni við akstur bifreiðarinnar G 3052, er hann ætlaði að beygja af Hofsvallagötu í Reykjavík til vesturs inn á Grenimel, með þeim afleiðingum, að hann ók á bifreiðina G 2878, sem í þann mund var ekið á móti til norðurs, en við áreksturinn slösuðust farþegar í þeirri bifreið, og einn þeirra, Soffía Sigríður Guðmundsdóttir, Fögrubrekku, Seltjarnarnesi, lézt samdægurs af völdum meiðsla sinna, annar farþegi, Ósk Magnúsdóttir, Sæbóli, Seltjarnarnesi, hlaut brot á vinstra læri, höfuðhögg, mar á líkama og handlegg og sár og mar á fætur, og loks hlaut Kristín Ásgeirsdóttir, Fögrubrekku, fleiður og mar á vinstra augnlok, skurð á vinstra hné, bólgu og mar á hægri rist auk taugaáfalls. Þegar slysið gerðist, var bifreiðin G 3052 mjög vanbúin, hemla- og stýrisútbúnaður lélegur, báðir hjólbardar á afturhjólum sléttslitnir, sláttur á drifskafli og innra afturhjóli hægra megin og bifreiðin 430 kg. of þung miðað við leyfilegan hámarksþunga með hlassi, þá var og framrúða mjög óhrein.

Telst brot ákærða varða við 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. og 2. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr., d-lið, 49. gr. og 1. mgr. 56. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 6. marz 1920 í Kjós, Möðruvöllum, og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir: 1958 13/3 í Hafnarfirði: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

Hinn 11. október 1965 um klukkan 1500 varð umferðarslys á gatnamótum Hofsvallagötu og Grenimels í Reykjavík. Þarna rákust saman vöruflutningabifreiðin G 3052, sem ekið var suður Hofsvallagötu og beygði til vesturs áleiðis inn á Grenimel, og fólksbifreiðin G 2878, sem ekið var norður Hofsvallagötu. Bifreiðin G 2878 skemmdist mikið, bifreiðin öll rifin og dælduð. Þá dældaðist hægra framhorn vöruflutningabifreiðarinnar, og höggvarinn rispaðist. Við áreksturinn slösuðust farþegar í fólksbifreiðinni G 2878 sem hér segir:

Soffía Sigríður Guðmundsdóttir rif- og viðbeinsbrotnaði, mikil

meiðsli í kviðarholi, einkum mikil skemmd í lifur. Andaðist daginn eftir slysið, 12. október 1965.

Kristín Ásgeirsdóttir fékk fleiður og mar á vinstra augnlok, örlítinn skurð á vinstra hné og bólgu og mar á hægri rist. Hún varð fyrir augaáfalli af árekstrinum.

Ósk Magnúsdóttir hlaut lærbrot á vinstra læri, mar á hægri hlið og handlegg og sár og mar á fæturna.

Litlu eftir að slysið varð, komu lögreglumenn á vettvang, gerðu uppdrátt og tóku ljósmyndir af slysstaðnum, og hafa gögn þessi verið lögð fram.

Bifreiðaeftirlitsmaðurinn Ingvar Björnsson skoðaði bifreiðina G 3052 á slysstað, og segir svo í vottorði hans, að hemlar og stýrisútbúnaður hennar hafi verið í slæmu ástandi, og við hemlun á 15 km hraða miðað við klukkustund var aðeins sýnilegt hemla-far eftir hægra afturhjól. Þá kom og í ljós, að stýrisvél hafði verið mjög laus. Af þeim þrem skrúfboltum, sem eiga að halda vélinni fastri, sáust engin merki þess, að fremri boltinn að ofan hafi verið í að undanfögnu. Aftari boltinn að ofan var það laus, að um 1 sm bil var milli vélarinnar og grindarinnar. Neðsti boltinn hafði sýnilega verið laus um tíma og brotnað við áreksturinn. Báðir hjólbarðar á vinstri afturhjólum voru nær sléttslitnir. Grindarbiti (þverbíti) að framan var brotinn frá grind vinstra megin, einnig var neðsta blað hægri framfjaðrar þverbrotið, bæði brotin virtust gömul. Á drifskaftri og innra afturhjóli var mikill sláttur í akstri. Ekkert aðvörunarmerki var fyrir loftþrýsting á hemlabúnaði. Er bifreiðin var vigtuð, var heildarþyngd hennar með farmi 11.740 kg., hvíldu 4.170 á framás og 7.570 á afturás. Eigin þyngd bifreiðarinnar var 5.200 kg., leyfður þungi á framás 3.500 kg., en á afturás 7.600 kg., heildarþyngd með hlassi 11.300 kg.

Nánari athugun á hemlabúnaði bifreiðarinnar var svo gerð af Pálma Friðrikssyni bifreiðaeftirlitsmanni og Borgþóri Þórhalls-syni rannsóknarlögreglumanni, og segir svo um það í vottorði Pálma, að bifreiðin hafi þá verið til viðgerðar á Bílaverkstæði Hafnarfjarðar, og voru hemlarnir reyndir í akstri, áður en við-gerð á þeim hófst. Er bifreiðinni var ekið óhlaðinni á 35—40 km hraða miðað við klukkustund, tóku hemlar meira á hægra fram-hjóli, og snerizt bifreiðin til hægri að framan, en afturhluti bifreiðarinnar snerist mikið til vinstri (fór langt í að vera þversum á veginum). Þetta var endurtekið bæði á malborinni og malbikaðri götu, og var útkoman alltaf hin sama.

Athuguð var herzla á hemlum framhjóla, og var hún svo til jöfn, enda breyttist hemlun bifreiðarinnar ekkert við jöfnunina.

Voru framhjólin svo tekin af bifreiðinni, og kom þá í ljós, að önnur hælstýring aftari hemlaskósins var brotin, og líklegt talið, að þegar átak kom á hemlaskóinn, hafi hann skekkzt og þvingazt þannig út í hemlaskálina, að hemlavirkun hafi orðið meiri á hægra en vinstra framhjóli.

Að viðgerð lokinni reyndust hemlar í fullkomnu lagi. Á slystaðnum var vegurinn góður, en blautur, enda rigning um það leyti, er slysið varð.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að mánudaginn 11. október 1965 hafi hann í forföllum hins fastráðna ökumanns vörubifreiðarinnar G 3052 ekið henni frá steypustöð Malar og Sands h/f við Álftanesveg, eftir Hafnarfjarðarvegi og Hringbraut og suður Hofsvallagötu, unz hann kom að gatnamótum Hofsvallagötu og Grenimels. Kvaðst hann þá hafa dregið úr ferð bifreiðarinnar og beygt til hægri til að aka vestur Grenimel og hefði hann gefið það til kynna með stefnuljósi. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við, að nein bifreið kæmi úr suðurátt, er hann byrjaði að beygja, og hann haldið áfram að beygja inn á Grenimel án þess að stöðva bifreiðina. Er hann hafi verið kominn yfir miðlínu götunnar, kvaðst hann hafa orðið var við ljósleita bifreið, sem þá var komin nálægt gatnamótunum og virtist ekið á mikilli ferð norður Hofsvallagötu og vikið til vinstri, um leið og reynt var að koma henni framhá vörubifreiðinni. Ákærði kvaðst þá hafa hemlað til að forðast árekstur, en það dugði ekki til, bifreiðarnar skullu saman, þannig að stuðari vöruflutningabifreiðarinnar gekk inn í fólksbifreiðina G 2878 framan til á hægra frambretti hennar, og hafði fólksbifreiðin runnið áfram á stuðara vörubifreiðarinnar, meðan hún var að stöðvast.

Ákærði taldi sig ekki hafa verið á meiri ferð en 15 til 20 km hraða miðað við klukkustund, áður en hann fór að beygja inn á Grenimelinn, og hafi engin bifreið verið á undan vörubifreiðinni á leið suður Hofsvallagötu. Ákærði kvaðst hafa verið í alla staði vel fyrirkallaður og sofið eðlilegan tíma nóttina fyrir slysið. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað annað en vörubifreiðin væri í fullkomnu lagi og ekki fundið neitt óvanalegt né athugavert við hana, er hann ók henni. Eftir slysið kvaðst ákærði hafa farið út úr vörubifreiðinni og hafi konan verið meðvitundarlaus í framseti fólksbifreiðarinnar, en báðir karlmennirnir, sem í henni voru, hafi verið ómeiddir og komið strax út og hafi ökumaður fólks-

bifreiðarinnar, að því er ákærði taldi, hlaupið frá til að kalla á lögreglu og sjúkrabifreið.

Ákærði kvaðst svo hafa beðið í vörubifreiðinni, þar til bifreiðaeftirlitsmaðurinn kom á vettvang, og látið annan fótinn hvíla á fóthemlinum og því hafi loftið verið farið af bremsunum, er bifreiðin var skoðuð, og bifreiðaeftirlitsmaður ekki hlaðið loftbremsurnar upp í nema fjögurra punda þrýsting, áður en þær voru prófaðar.

Ásgeir Sigurður Ásgeirsson, Fögrubrekku, Seltjarnarnesi, öku- maður bifreiðarinnar G 2878, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið bifreiðinni frá heimili sínu 11. október s.l. og hafi móðir hans, Soffía Sigríður Guðmundsdóttir, systir hans Kristín, vinkona hennar, Ósk Magnúsdóttir, og Símon Guðmundsson, Tjarnarstíg 5, Seltjarnarnesi, verið með honum í henni. Kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni eftir Nesvegi, Sörlaskjóli og Hofsvallagötu og ekið með 40 til 45 km hraða miðað við klukkustund. Engri bifreið hafi verið ekið á undan G 2878, en er hann hafi verið á móts við Melabúðina, hafi hann séð vörubifreið við gatnamót Hofsvallagötu og Víðimels. Hann kvaðst svo hafa haldið ferðinni áfram norður Hofsvallagötu og er hann hafi nálgast gatnamót Hofsvallagötu og Grenimels, hafi hann séð vörubifreiðina koma suður götuna á móti sér, en ekki séð hana gefa nein stefnuljós um, að henni yrði beygt, en er hann hafi verið kominn á bifreiðinni G 2878 á móts við miðju Grenimelsins, hafi vörubifreiðinni verið snöggbeygt til hægri, og kvaðst hann þá hafa hemlað, en það hafi ekki nægt til, bifreiðarnar hafi skolið saman, þannig að hægra stuðarahorn vörubifreiðarinnar gekk inn í bifreiðina G 2878 framan til við hægri framhurð og inn í bifreiðina við hurðarkarm og í hurð og hafi hurðarkarmurinn klemmt svo niður og þrengt að móður hans, að leggja hafi orðið niður bakið á báðum framsætunum til þess að ná henni út úr bifreiðini, en hún hafi verið meðvitundarlaus og mikið slösuð. Ósk hafi verið slæm í fæti, enda fótbrotnað, og systir hans hafi fengið taugaáfall, en hann og Símon hafi ekki slasast. Ásgeir kvað bilið milli bifreiðanna hafa verið það stutt, er vörubílnum var beygt, að hann hafi engan tíma haft til að stöðva eða gera annað til að koma í veg fyrir slysið. Hann kvaðst hafa verið vel fyrirakallaður, sofið eðlilegan svefn nóttina áður.

Vitnið Haukur Matthíasson, Laufásvegi 25 í Reykjavík, fæddur 20. júní 1948, hefur skýrt svo frá, að er áður nefnt slys varð, hafi hann verið að aka suður Hofsvallagötu og beygt inn á götuna af

Hringbraut. Á undan því hafi verið vörubifreiðin G 3052, sem ekið var hægt fyrst á vinstri hluta vegarins, en svo verið færð yfir að miðhluta götunnar, er bifreiðin nálgast gatnamót Grenimels, og um leið dregið úr ferð hennar. Vitnið kvaðst og hafa dregið úr ferðinni, enda þá verið ljóst, að ökumaður vörubifreiðarinnar ætlaði að beygja til hægri inn á Grenimel. Vitnið sagði, að er vörubifreiðin var í fyrrgreindri stöðu, hafi bifreið þess verið aftan til við hana, en alveg vinstra megin í götunni miðað við stefnu bifreiðanna, og hafi þá opnast fyrir því sjónmál fram á götuna. Sá það þá um leið bifreið koma norður götuna og gízkaði á, að hún hafi verið um 20 metra sunnan gatnamótanna, en vörubifreiðin hafi þá ekki verið komin yfir miðlínu götunnar né farin að beygja inn á Grenimelinn. Vitnið kvað það strax hafa flogið í hug þess, að þarna yrði árekstur, en taldi þó öruggt, að ökumaður vörubifreiðarinnar mundi stöðva, meðan hin bifreiðin færi fram hjá. Það hefði svo ekki skipt neinum togum, að vörubifreiðinni var ekið hægt, en viðstöðulaust, til hægri og bar hina bifreiðina hraðar að gatnamótunum, og varð þá árekstur. Framendi vörubifreiðarinnar hafi lent á hægri hlið Volkswagen-bifreiðarinnar, en um leið hafi þetta horfið sjónum þess, svo að það gat ekki sagt um það, hvort fólksbifreiðin ýttist til vinstri við áreksturinn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð neitt óeðlilegt við akstur fólksbifreiðarinnar og kvaðst ekki álíta, að hraði hennar hafi verið mikill.

Vitnið kvaðst hvorki hafa séð stefnu- né bremsuljós loga á vörubifreiðinni, enda þá verið komið það mikið til hliðar við vörubifreiðina í þann mund, er áreksturinn varð, að það mundi ekki hafa getað séð bremsuljós, og taldi og mögulegt, að vörubifreiðin hefði gefið stefnuljós, án þess að það sæi það.

Vitnið Sveinbjörg Eyvindsdóttir, Hrauntungu 54, Kópavogi, fædd 22. október 1949, kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni R 90, er atburður sá, er hér skiptir máli, átti sér stað. Er bifreiðin R 90 var að fara fram úr vörubifreiðinni G 3052 vinstra megin á mótum Grenimels og Hofsvallagötu, kvaðst vitnið hafa séð, að vörubifreiðin var komin yfir miðlínu Hofsvallagötu og ýtti Volkswagen-bifreið á undan sér, unz hún stöðvaðist.

Vitnið Magnús Þórðarson blaðamaður, Kaplaskjólsvogi 39, Reykjavík, fæddur 6. september 1932, kvaðst hafa verið staddur fyrir utan anddyri Melabúðarinnar, er umræddur árekstur átti sér stað, og þá hafa veitt athygli bifreiðinni G 2878, sem ekið var norður Hofsvallagötu, og virtist vitninu bifreiðinni vera ekið

nokkuð hratt, eða hraðar en venjulegur umferðarhraði er þarna á götunni, og það því lítið um öxl á eftir bifreiðinni og fylgt henni með augunum, en er það hafi verið að líta af henni, hafi það séð hemlaljós kvikna, og í sama mund virtist því bifreiðinni vera sveigt til vinstri. Þetta vakti meir athygli vitnisins, og leit það nú meir í átt til bifreiðarinnar og sá þá um leð stóra græna vörubifreið, sem beygt var í veg fyrir bifreiðina G 2878 og lenti með miklu afli á hægri framhlið hennar, sem við það kastaðist til vinstri, og fylgdi vörubifreiðin fast á eftir. Vitnið fór þegar á slysstaðinn eftir áreksturinn og sá, að kona sat í framsæti fólksbifreiðarinnar, meðvitundarlaus og virtist dáln, í aftursæti bifreiðarinnar lá hreyfingarlaus stúlka, en fyrir utan á gangstéttinni var stúlka í mikilli geðshræringu. Vörubifreiðin hafi verið fast upp í fólksbifreiðinni G 2878.

Vitnið Stefán Hilmar Stefánsson, Kársnesbraut 93, Kópavogi, fæddur 25. nóvember 1943, kvaðst hafa verið statt á gangstéttinni við Melabúðina, er umræddur árekstur varð, og horft norður eftir götunni og veitt athygli Volkswagen-bifreið, sem ekið var norður götuna. Vitnið kvað bifreiðinni hafa verið ekið með eðlilegum hraða, á að gizka 40—45 km miðað við klukkustund. Þegar bifreið þessi hafi verið komin að gatnamótum Grenimels og Hofsvallagötu, kvaðst vitnið hafa veitt athygli vörubifreið, sem ekið var suður Hofsvallagötu og var þá komin yfir miðlínu götunnar þarna hjá gatnamótunum og gaf stefnummerki um, að henni yrði beygt til hægri. Var vörubifreiðinni ekið mjög hægt, og kvaðst vitnið hafa búizt við, að hún yrði stöðvuð, áður en hún færi yfir miðlínu götunnar, en svo hafi ekki orðið, í þess stað hafi verið haldið áfram að beygja vörubifreiðinni til hægri og í veg fyrir Volkswagen-bifreiðina, sem á síðustu stundu hafi verið sveigt frá til vinstri, en það hafi ekki nægt til, vörubifreiðin hafi skolið á hægri hlið Volkswagen-bifreiðarinnar, sem við það ýttist á undan vörubifreiðinni í þá stöðu, sem framlagður uppdráttur sýnir.

Vitnið kvað akstur bifreiðanna hafa að öðru leyti verið eðlilegan.

Farþegarnir í bifreiðinni G 2878, Ósk Magnúsdóttir, fædd 13. janúar 1949, og Símon Guðmundsson, Tjarnarstíg 5, Seltjarnarnesi, fæddur 7. nóvember 1944, hafa skýrt frá atvikum í meginatriðum á sama veg.

Kveður Símon bifreiðinni G 2878 hafa verið ekið á eðlilegum hraða norður Hofsvallagötu, á um 30—40 km hraða miðað við klukkustund. Er bifreiðin nálgast gatnamót Grenimels og Hofsvallagötu, kvaðst hafi hún verið beygt til vinstri og hafi hún séð hvernig bifreiðin G 2878 hafi komið fyrir hana.

vallagötu, kvaðst Símon hafa veitt athygli stórri vöruflutninga-bifreið á hægri hönd og er bifreiðin G 2878 hafi verið á móts við miðjan Grenimel, hafi vörubifreiðin beygt í vestur og ekið þvert yfir veginn, svo að hún lenti á afturhluta frambrettis og hægri hurð bifreiðarinnar G 2878, þannig að bifreiðin hafi runnið 1—2 metra undan stuðara vörubílsins. Símon kvað Ásgeir hafa verið búinn að draga töluvert úr hraða bifreiðarinnar, er áreksturinn varð, en kvaðst ekki hafa orðið þess var, að vörubifreiðinni hafi verið hemlað.

Farþegarnir lýsa svo því, hvernig var umhorfs eftir áreksturinn, á sama veg og fram hefur komið hjá öðrum vitnum.

Í ályktun krufningarskýrslu Níelsar Dungals lækni segir, að við krufningu á líki Soffíu S. Guðmundsdóttur hafi fundizt, að mikil sprunga hafi verið á lifrinni og hafi verið gerð mikil aðgerð á konunni til þess að skera burtu hér um bil hálfa lifrina og sauma sárið vel saman, en þrátt fyrir það hefur blæðingin haldið áfram, því að í kviðarholinu hafi fundizt 1.7 lítri af blóði. Bana-mein konunnar hafi verið hin mikla lifrarskemmd og blæðing út frá henni, sem hefur valdið mjög lágum blóðþrýstingi og leitt konuna tiltölulega fljótt til bana.

Málavöxtum hefur nú verið lýst, eftir því sem ástæða þykir til.

Er ljóst, að Ásgeir Ásgeirsson ók bifreiðinni G 2878 norður Hofsvallagötu á 40 til 45 km hraða miðað við klukkustund, unz hann kom á móts við miðju Grenimelsins, að hann snarhemlaði, er vörubifreiðinni G 3052 var ekið í veg fyrir bifreið hans, G 2878, og árekstur varð. Ekki sá Ásgeir, að logaði á stefnuljósi vörubifreiðarinnar, þó að vitni stödd við Melabúðina sæju þau greinilega. Ásgeir virðist því ekki hafa beint athyglinni nógu vel að umferðinni og ekið of hratt, þegar litið er til þess, að þarna voru gatnamót, vegur blautur og hann átt að vera við því búinn að þurfa að stöðva bifreiðina skyndilega.

Á hinn bóginn hefur ákærði viðurkennt að hafa ekki séð bifreiðina G 2878, fyrr en hún var komin nálægt gatnamótum Grenimels og Hofsvallagötu, en þá hafi hann verið búinn að beygja yfir miðlínu götunnar í átt inn á Grenimel og hemlað vörubifreiðinni, rétt í því að hann sá til ferða G 2878, en árekstur orðið svo til um leið, en bifreiðinni G 2878 hafi verið vikið til vinstri, um leið og hún reyndi að komast fram hjá bifreið ákærða. Þykir ákærði ekki hafa með þessu sýnt þá varkárni, er honum bar skylda til, þegar litið er til þess, að hann var að beygja á gatnamótum og bar að vikja fyrir umferð norður Hofsvallagötu, og

verður hann því talinn vera samvaldur að dauða Soffíu Sigríðar Guðmundsdóttur og meiðslum á öðrum farþegum í bifreiðinni G 2878 sem og miklum skemmdum á bifreiðinni G 2878 fyrir gáleysislegan akstur í umrætt sinn, og með því hefur hann brotið 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr., d-lið, 49. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Ekki er í máli þessu upplýst, að hælstýring á aftari hemlaskó hægra framhjólsvörubifreiðarinnar hafi verið brotin og hemlar því í ólagi fyrir áreksturinn, og verður að ætla, að hún hafi eins og bolti í stýrisvél getað brotnað við árekstur, og verður ákærða því ekki refsað fyrir að aka bifreið með hemlabúnað í ólagi né verður honum refsað fyrir brot á 1. og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga, þar eð ekki er upplýst, að hann hafi verið umráðamaður vörubifreiðarinnar.

Þá ber og að refsa ákærða fyrir að aka vörubifreiðinni með of þungum farmi í umrætt sinn, en þá ábyrgð verður að leggja á ökumann, að hann aðgæti hvort farartæki sé löglega hlaðið, áður en hann hefur akstur. Einnig verður að telja, að ákærði hafi gerzt sekur um að aka vörubifreiðinni með losaralegri stýrisvél, sléttslitnum hjólbörðum á afturhjólum, fjaðrabúnaði o. fl. í ólagi.

Hefur ákærði með síðastnefndum tilvikum gerzt brotlegur við 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 56. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 2 ár frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Ragnars Jónssonar, sem ákveðin eru kr. 5.000.00.

Töluverður dráttur hefur orðið á dómsuppsögu, og stafar hann af önnum dómarsins. Annar dráttur á meðferð málsins verður ekki afsakaður.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jónmundur Jónsson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 2 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-

arlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Ragnars Jónssonar, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1968.

Nr. 154/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Vilhelm Ingólfssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Verðlagsbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eigi verður í máli þessu dæmd endurgreiðsla né upptaka ólögmæts hagnaðar, eins og kröfugerð og málsreifan að þessu leyti er háttað. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Vilhelm Ingólfsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.